

27. ágúst 2015

Fréttatilkynning vegna hálfis árs uppgjors Sjóvár

Sjóvá hagnaðist um 1.380 m.kr. á fyrri helmingi ársins 2015

- Afkoma af váttryggingastarfsemi nam 271 m.kr.
- Afkoma af fjárfestingarstarfsemi nam 1.415 m.kr.

Hermann Björnsson, forstjóri:

„Afkoma Sjóvár á fyrri árshelmingi var góð og munar þar mestu um afar góða afkomu af fjárfestingareignum sem var mun hærri en alla jafna má vænta. Vöxtur var í iðgjöldum og kostnaðarhlutfall lækkaði. Hátt tjónahlutfall sem einkenndi fyrsta ársfjórðung m.a. vegna óveðurstjóna, hélst áfram hátt á öðrum ársfjórðungi. Þar er skýringa að leita bæði í slæmu tíðarfari á fyrri hluta fjórðungsins en mikil aukning ferðamanna og almennt stóraukin bílaumferð hafa einnig áhrif.“

Annar ársfjórðungur:

Afkoma

- Hagnaður af rekstri Sjóvár á öðrum ársfjórðungi nam 756 m.kr. (0,47 kr. á hlut)
- Hagnaður fyrir skatta og afskrift óefnislegra eigna nam 887 m.kr.
- Afkoma af váttryggingastarfsemi nam 216 m.kr.
- Afkoma af fjárfestingarstarfsemi nam 658 m.kr.
- Samsett hlutfall samstæðunnar var 100,8%

Efnahagur

- Eigið fé nam 15.193 m.kr.
- Fjárfestingareignir án söfnunarlíftrygginga námu 29.282 m.kr.
- Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 34,3%
- Arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli var 18,3%
- Gjaldþolshlutfall móðurfélagsins var 4,97

Fjárfestingar

Félagið greiddi út arð á ársfjórðungnum og því minnkaði laust fé. Félagið bætti við sig í hlutabréfum og óverðtryggðum skuldabréfum en seldi lengri verðtryggð skuldabréf. Ávöxtun eignasafnsins var 2,6% á fjórðungnum, ávöxtun skráðra hlutabréfa var 10% og ávöxtun ríkisskuldabréfa 0,7%.

Horfur

Í upphafi árs kynnti Sjóvá horfur í rekstri ársins 2015. Félagið hefur náð að vaxa að raungildi eins og að var stefnt. Tjónshlutfall er töluvert hærra en gert var ráð fyrir og ekki eru taldar líkur á að markmið ársins um samsett hlutfall náist. Fjárfestingartekjur eru það sem af er ári töluvert hærri en áætlað var. Ekki er gerð breyting á áætlaðri afkomu, þ.e. á bilinu 2.000 til 2.600 m.kr. fyrir skatta, en hún mun að miklu leyti ráðast af afkomu af fjárfestingarstarfsemi síðari hluta ársins.

Afkoma (m.kr.)	2F 2015	2F 2014	Breyting	6M 2015	6M 2014	Breyting
Eigin iðgjöld tímabilsins	3.310	3.174	4,3%	6.610	6.271	5,4%
Fjárfestingartekjur	963	317	203,8%	2.003	258	676,4%
Heildartekjur	4.273	3.491	22,4%	8.613	6.529	31,9%
Eigin tjón tímabilsins	-2.514	-2.074	21,2%	-5.134	-4.161	23,4%
Rekstrarkostnaður	-873	-915	-4,6%	-1.769	-1.880	-5,9%
Afskriftir óefnislegra eigna	-116	-117	-0,9%	-231	-234	-1,3%
Heildarkostnaður	-3.503	-3.106	12,8%	-7.134	-6.275	13,7%
Hagnaður	756	329	129,8%	1.380	205	573,2%
Hagnaður á hlut (kr.)	0,47	0,21		0,87	0,13	
Hagnaður fyrir skatta og afskrift óefnislegra eigna	887	503	76,3%	1.710	487	251,1%
Hagnaður af váttryggingastarfsemi	216	474	-54,4%	271	792	-65,8%
Efnahagur						
Eigið fé	15.193	17.810*		15.193	17.810*	
Fjárfestingareignir án söfnunarlíftrygginga	29.282	30.827*		29.282	30.827*	
Eigin váttryggingaskuld	22.915	20.914*		22.915	20.914*	
Lykiltölur úr rekstri - hlutföll	2F 2015	2F 2014		6M 2015	6M 2014	
Samsett hlutfall samstæðu	100,8%	91,5%		102,5%	94,0%	
Eiginfjárlutfall samstæðu	34,3%	40,2%*		34,3%	40,2%*	
Ávöxtun eigin fjár á ársgrundvelli	18,3%	7,9%		16,7%	2,4%	
Ávöxtun eigin fjár leiðrétt f. óefnisl. eignum og afskriftum	30,0%	12,9%		24,1%	5,8%	

*31.12.2014

Kynningarfundur

Sjóvá býður til opins kynningarfundar um afkomu félagsins á öðrum ársfjórðungi 2015 fimmtudaginn 27. ágúst kl. 16:00 í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð. Hermann Björnsson forstjóri mun kynna uppgjörið og svara spurningum. Hægt er að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefslóðinni www.sjova.is/afkomukynningar

Nánari upplýsingar

Allar nánari upplýsingar veitir Þórður Pálsson í síma 440-2000 eða fjarfestar@sjova.is.

Samstæðureikningur Sjóvár fyrir annan ársfjórðung var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 27. ágúst 2015. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.